

Nd.

996. Frumvarp

til laga um dýralækna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Dýralæknar skulu fjórir, einn í Sunnlendingafjórðungi, annar í Vestfirðingafjórðungi, þriðji í Norðlendingafjórðungi, fjórði í Austfirðingafjórðungi. Stjórnarráðið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Ákvæði þessi ganga í gildi, þegar dýralæknar verða skipaðir í Austfirðingafjórðung og Vestfirðingafjórðung.

2. gr.

Dýralæknar skulu fá laun úr landssjóði, 1500 kr. hver á ári.

3. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr landssjóði 5 krónur í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirætlum 4. gr. í lögum 2. febr. 1894 um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.

4. gr.

Þá er dýralæknir ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararþena og fæði, eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirætlum 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

5. gr.

Stjórnarráðið setur dýralæknum erindisbrjef og ákveður í því starfsvið þeirra.

6. gr.

Lög um skipun dýralækna á Íslandi 2. okt. 1891 eru numin úr gildi.